

Nd.

511. Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild til að veita einkarjett til þess að hagnýta járn-sand (Volcanic sand).

Nefndin hefir nú athugað málið. Hefir það tafið nokkuð störf hennar, að það ráð var tekið, að leita upplýsinga um enska fjelagið S. & O. Company í Lundúnaborg, sem leyfisbeiðandi stendur í sambandi við og byggir á allar framkvæmdir í þessu máli. Var tvisvar símað til ensku stjórnarinnar, til að fá vitneskju um fjelagið. Báðum skeytunum var svarað, en stjórnin hliðraði sjer hjá, að gefa nokkrar upplýsingar, benti að eins á, að best væri, að fá þær hjá banka eða upplýsingar-skrifstofu. Seinna svarið hljóðer svo:

»Information of this kind should be applied for through banks or Trade Inquiring association«.

Vitum vjer því ekki annað um fjelag þetta, en það, sem kom fram við 1. umræðu málsins í neðri deild.

Það er í stuttu máli þetta:

1. Lambert nokkur, enskur maður, kom til landsins fyrir hönd fjelagsins í fyrra sumar, til að leita að járnsandi. Leist honum allvel á sandinn við Jökulsá í Dal í Fljótshjéraði og taldi gerlegt, að vinna úr honum járn.
2. Þórarinn B. Guðmundsson og Magnús Gíslason yfirdómslögmaður gerðu tilraunir til að fá leyfi landsdrottins, sjera Magnúsar Bl. Jónssonar í Vallanesi, til að mega byggja höfn við Unaós, og fá þar land til afnota, til að gera önnur nauðsynleg mannvirki.
3. Hálfur fossinn í Lagarfljóti er leigður um 50 ár til afl-framleiðslu við rekstur fyrirtækisins.
4. Skjöl liggja fyrir um það, að fjelagið hefir fyrir sakir ókunnugleika snúið sjer til utanrikisráðherra Dana, til að fá einkaleyfi til hagnýtingar á járnsandi hjer.
5. Þórarinn B. Guðmundsson hefir skýrt frá, að stofnfje þessa fjelags sje 3 miljónir sterlingspunda; fjelagið hafi fundið nýja aðferð, til að búa til stál úr jární og sögi sandinn upp af mararbotni, en taki hann alls ekki á landi. Segir hann, að fyrirhugað sje að vinna og flytja út eina miljón smálesta á ári af járnsandi.

Það sem talið er í 4 fyrstu liðunum, er bygt á skjölum, er vjer höfum sjeð, og ekki er ástæða til að vefengja. Í 5. liðnum er eingöngu farið eftir því, sem Þórarinn skýrir sjálfur frá munnlega.

Við nánari athugun vildum vjer ekki tefja málið lengur í nefndinni með frekari fyrirspurnum um fjelagið.

Eins og málið liggur fyrir, virðist fjelagið hafa sjerstakan augastað á Hjeraðsflóa. Sandurinn þaðan hefir verið rannsakaður af efnafræðingi landsins. Reyndist járn 13.5%. Má vera, að meira járn reyndist í sandinum, þegar farið yrði að vinna hann. Sýnishorn þetta er tekið á landi af handahófi. Járnsandur þessi er framburður úr Jökulsá.

Þórarinn B. Guðmundsson heldur því fram, að ekki geti komið til mála að vinna sandinn nema þar sem sje örugg höfn. Virðist oss það í alla staði sennilegt. En eins og kunnugt er, er hafnleysi við Hjeraðsflóa og annarstaðar umhverfis landið nálægt ósum stóránna. Þetta tvent mælir með því, að veita einkaleyfi, til að vinna járnsand, hvar sem er í landhelgi Íslands:

1. Að sandurinn yrði að líkindum ekki unninn annarstaðar en þar, sem hafnleysi er, við ósa stór-ánna. Ef nokkuð yrði úr framkvæmdum, yrði að sjálfsgögðu bygðar afar-dýrar hafnir og önnur mannvirki til ómetanlegs hagnaðar fyrir hjeruðin og um leið landið alt.
2. Að landssjóður fengi miklar árlegar tekjur, ef kraftur yrði í fjelaginu.

En þó að ekki sje von um, að vjer getum með innlendu fje lagt i þann kostnað fyrst um sinn, sem til þess þarf, að koma á fót slíku fyrirtæki og reka það, og ólíklegt sje, að nokkur veruleg hætta stafaði af því, þó að einkaleyfi væri veitt til járnsandsvinslu i sjónum fram undan stóráram landsins, þá þykir oss þó vissara, að binda einkaleyfið við Hjeraðsflóa einan, meðan það er ósýnt, hversu mikill auður getur verið fölginn i þessum sandi. Um fiskiveiðaspell getur ekki verið að tala innan við landhelgi á Hjeraðsflóa. — En af því, að Þórarinn B. Guðmundsson hefir boðist til, að taka lögfræðing i fjelag með sjer, og fengið símskeyti frá Magnúsi yfirdómslögmanni Gíslasyni á Fáskrúðsfirði um það, að hann væri fús til, að vera i fjelagi við Þórarinn B. Guðmundsson um þetta mál, hefir nefndin fallist á, að binda einkaleyfið við nöfn þessara manna tveggja.

En til þess að þessir menn eða þeir, sem fengi framseldan einkarjettinn, verði öruggari til framkvæmda og óhræddari við samkeðni, viljum vjer, að svo sje ákveðið i frumvarpinu, að þessum mönnum veitist forgangsrjettur til að hagnýta sjer járnsand á öðrum stöðum i landhelgi Íslands, ef þeir vilja sæta sömu kostum og aðrir bjóða, er síðar kynnu að leita slíks leyfis hjá Alþingi.

Þá þykir oss gjaldið i landssjóð altöf lágð ákveðið i frumv. Viljum vjer breyta því svo, að leigutaki greiði 50 aura i landssjóð af hverri smálest, sem út er flutt af járnsandi, en 1 kr. fyrir hverja smálest af útfluttu og unnu járn. Verði önnur verðmæt efni unnin úr sandinum, skal landsstjórninni heimilt að ákveða gjald af þeim.

Verði flutt út eins mikið og Þórarinn segir, að ráðgert sje, yrðu tekjur landssjóðs af fyrirtækinu, samkvæmt breytingartillögum vorum, allmiklar á ári hverju, hálf miljón eða ef til vill allt að miljón króna.

Hjer virðist engin hætta vera á ferðum, en þó nokkur von um árangur, þar sem sjerfróðir menn útlendir með fje i höndum vilja ráðast i fyrirtækið.

Að svo mæltu leggjum vjer til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

Ráðherra Íslands heimilast að veita Magnúsi yfirdómslögmanni Gíslasyni á Fáskrúðsfirði og Þórarni Bóðvari Guðmundsson á Seyðisfirði einkarjett um 50 ár til þess að hagnýta sjer á hvern þann hátt, er þeim sýnist, járnsand (Volcanic sand) fyrir innan landhelgislinuna á Hjeraðsflóa, þó ekki nær landi en 60 faðma fyrir utan lægsta fjöruborð.

Sömu mönnum veitist og forgangsrjettur til að hagnýta sjer járnsand á öðrum stöðum i landhelgi Íslands, en sæta verða þeir sömu kostum og aðrir bjóða, er síðar kynnu að leita slíks leyfis hjá Alþingi og það vill veita leyfið.

· Við 5. gr.

Greinin orðist svo:

Sem endurgjald fyrir rjettindi þau, er lög þessi heimila, greiði leigutaki 50 auro í landssjóð af hverri smálest, sem út er flutt af járnsandi, en 1 krónu fyrir hverja smálest af útfluttu og unnu járn. Verði önnur verðmæt efni unnin yr sandinum, skal landsstjórninni heimilt að ákveða gjald af þeim. Af hreinum ágóða þessa fyrirtækisins ber landssjóði þegar í byrjun 7%.

Alþingi 23. ágúst 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf.,
formaður.

Jón Jónsson,
skrifari.

Guðm. Hannesson.

Matth. Ólafsson.

Benedikt Sveinsson.